



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ný lög um lögheimili og aðsetur - til upplýsinga

Ný lög um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018 voru samþykkt á Alþingi hinn 11. júní sl. Lögin öðlast gildi 1. janúar 2019, nema 3. mgr. 2. gr. og 7. gr. sem taka gildi 1. janúar 2020. Ákvæði 3. mgr. 2. gr. snýr að skráningu lögheimilis niður á á tiltekna íbúð í fjölbýlishúsi eða eftir atvikum húsi og ákvæði 7. gr. fjallar um heimild einstaklings og fjölskyldu hans til að fá lögheimili sitt dulið í þjóðskrá.

Tilfni lagasetningar

Eldri lög um lögheimili höfðu haldið gildi sínu í rúm 27 ár og lög um tilkynningar aðsetursskipta í 65 ár. Samfélagið hefur tekið allmiklum breytingum á gildistíma laganna og því var mikil þörf á að breyta lögheimilislögum sem og lögum um tilkynningar aðsetursskipta. Tilfni lagasetningarinnar má fyrst og fremst rekja til þingsályktunar nr. 57/145 frá 7. september 2016 þar sem Alþingi ályktaði að fela ráðherra að setja á fót starfshóp sem mundi undirbúa endurskoðun laga um lögheimili nr. 21/1990, m.a. með það að markmiði að hjónum yrði gert kleift að eiga lögheimili hvoru á sínum staðnum, hvort heldur bæði hefðu bækistöð innan lands í mismunandi sveitarfélögum eða annað hefði bækistöð erlendis.

Meginefni nýrra laga

Markmið laganna er að stuðla að því að búsetu- og aðsetursskráning einstaklinga sé rétt og að réttaröryggi í meðferð ágreiningsmála er varða skráningu lögheimilis og aðseturs verði tryggt. Ný lög um lögheimili og aðsetur geyma ýmis nýmæli en jafnframt er að finna í lögnum ákvæði sem voru í eldri lögheimilislögum. Meginefni nýrra laga eru einna helst þessi:

1. Lögheimili er þar sem föst búseta manns er. Ekki er heimilt að eiga lögheimili á Íslandi og erlendis á sama tíma.
2. Lögheimili skal skráð í tiltekinni íbúð í fjölbýlishúsi eða eftir atvikum húsi.
3. Einungis er hægt að skrá aðsetur tímabundið í húsnæði sem uppfyllir skilyrði lögheimilis.
4. Námsmenn geta haft búsetu eða aðsetur á öðrum stað en á skráðu lögheimili. Hið sama gildir um maka námsmanns og börn þeirra.
5. Heimilt er að skrá lögheimili á stofnunum fyrir aldraða, í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og starfsmannabústöðum.
6. Heimilt er að skrá tímabundið lögheimili á skráðum áfangaheimilum og starfsmannabúðum.
7. Sé uppi óvissa um lögheimili einstaklings gildir eftirfarandi:
 - a. Þá skal skrá lögheimili á þeim stað þar sem einstaklingur dvelst meiri hluta árs.

- b. Dveljist hann ekki meiri hluta árs í neinu sveitarfélagi skal hann eiga lögheimili þar sem hann stundar aðalvatvinnu sína. Um er að ræða aðalvatvinnu þegar hún gefur tvo þriðju hluta af árstekjum eða meira.
 - c. Verði ekki skorið úr um lögheimili einstaklings skv. framangreindu er heimilt að skrá einstakling til lögheimilis í sveitarfélagi án tilgreinds heimilisfangs. Skal þá miðað við það sveitarfélag þar sem hann hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl.
8. Einstaklingum er skylt að skrá aðsetur sitt sérstaklega hjá Þjóðskrá. Skráning aðseturs innanlands er heimil þeim sem vegna náms eða veikinda þurfa að búa annars staðar en á lögheimili sínu.
 9. Hjónum er heimilt að skrá sig til lögheimilis hvort á sínum staðnum.
 10. Þinglýstum eiganda er óheimilt að afskrá maka sinn af eign nema fyrir liggja staðfesting sýslumanns á skilnaði hjóna eða formlegt samþykki hans sé til staðar um afskráningu af eign.
 11. Barn getur bara átt eitt lögheimili. Ákveði hjón sem eiga börn yngri en 18 ára að skrá lögheimili hvort á sínum staðnum skal liggja fyrir ákvörðun þeirra um hjá hvoru þeirra lögheimili barna þeirra verði.
 12. Heimilt er að dylja lögheimili einstaklings og heimilismanna hans í þjóðskrá ef það þykir nauðsynlegt.
 13. Ábyrgð er nú sett á þinglýsta eigendur húsnæðis að fylgjast með skráningum lögheimila í eignum þeirra og þeim veitt heimild til að hlutast til um breytingar á skráningunni sé hún röng.
 14. Þinglýstur eigandi og þeir sem hagsmuna hafa að gæta geta óskað eftir því við Þjóðskrá að einstaklingar verði skráðir af eign séu þeir án heimildar í húsnæði sem eigandinn er skráður fyrir.
 15. Hver sá sem flytur til landsins og vill skrá lögheimili sitt getur ekki skráð lögheimili sitt rafrænt heldur verður hann að koma í eigin persónu á starfsstöð Þjóðskrár og framvísa persónuskilríkjum.
 16. Ekki er lengur heimilt að skrá lögheimili sitt við flutning til landsins hjá sveitarstjórnnum og lögreglu.
 17. Þjóðskrá hefur heimild til að óska eftir því að einstaklingar staðfesti lögheimili sitt með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði.
 18. Þjóðskrá Íslands er veitt heimild til eftirlits með skráningum og til þess að leita eftir aðstoð lögreglu og Útlendingastofnunar. Þjóðskrá er veitt heimild til sjálfstæðrar rannsóknar á lögheimilisskráningum og upplýsingaöflunar hjá öðrum stofnunum, sveitarfélögum og lögaðilum sem geta upplýst um búsetu einstaklinga.
 19. Stofnunum, sveitarfélögum og lögaðilum er veitt sjálfstæð heimild til að upplýsa Þjóðskrá, allt í þeim tilgangi að skráning verði sem réttust.
 20. Þjóðskrá er veitt heimild til leiðréttingar á augljósum villum við skráningar.

21. Ekki er hægt að leiðrétta skráningu lögheimilis lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni berst.
22. Ný lög raska ekki skráningum lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð voru í Þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 en ef viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður.

Nauðsynlegt er að samræma skráningu landsmanna, gera hana miðlæga, stuðla að því að hún verði sem réttust hverju sinni og sé að mestu leyti rafræn. Þjóðskrá Íslands hefur heimild til að viðhafa málsmeðferð með rafrænum hætti varðandi ýmsar leiðréttingar á skráningu lögheimilis einstaklinga. Miðlun upplýsinga frá Þjóðskrá til einstaklinga og ákvarðanir teknar á grundvelli laganna verða í auknara mæli rafrænar og birtast á pósthólfi viðkomandi á Ísland.is. Lög um lögheimili nr. 21/1990 og lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952, falla úr gildi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir
lögfræðingur